



# REGLUR UM LAUN HJÁ AKRANESKAUPSTAÐ TIL BÆJARFULLTRÚA OG FYRIR SETU Í RÁÐUM, NEFNDUM OG STARFSHÓPUM

Með vísan til 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 39. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar frá 27. júní 2013 hefur bæjarstjórn samþykkt að laun bæjarstjórnar og kjörinna nefnda og starfshópa á vegum bæjarins skuli vera eftirfarandi:

## 1. Laun bæjarfulltrúa

Laun bæjarstjórnar, forseta bæjarstjórnar, formaðna ráða og fulltrúa í ráðum á vegum bæjarins skulu vera hlutfall viðmiðunararfjárhæðar sem er kr. 831.633 frá 1. júní 2017. Launakjörin taka mið af SALEK samkomulaginu svonefnda sem er rammasamkomulag milli aðila vinnumarkaðar og skulu endurskoðuð í lok árs 2018. Við þá endurskoðun skal jafnframt gæta jafnræðis við launakjör annarra sveitarstjórna og huga sérstaklega að innbyrðis launasamsetningu mismunandi embætta til samræmis við álag og umfang þeirra:

**Launakjör frá 1. júní 2017 eru eftirfarandi hlutfall af viðmiðunararfjárhæðinni:**

Bæjarstjórn (öll – grunnlaun)	19,0% (kr. 158.010)
Forseti bæjarstjórnar	24,7% (kr. 205.413)

Bæjarfulltrúar til viðbótar:

Formaður ráðs	19,0% (kr. 158.010)
Seta í ráði	12,4% 103.122

Varamenn:

Bæjarstjórn	6,3% (kr. 52.393) fyrir hvern fund
Í ráði	6,3% (kr. 52.393) fyrir hvern fund

Varaformenn fá 5,5% álag (kr. 45.740) í forföllum formanns fyrir hvern setinn fund.

**Launakjör 15 dögum eftir kjördag sveitarstjórnakosninga 2018 eru eftirfarandi hlutfall af viðmiðunararfjárhæðinni:**

Bæjarstjórn (að undanskildum forseta)	19,0% (kr. 158.010)
Forseti bæjarstjórnar	39,6% (kr. 329.327)

Bæjarfulltrúar til viðbótar:

Formaður bæjarráðs	40,0% (kr. 332.653)
Seta í bæjarráði	16,0% (kr. 133.061)

Formaður ráðs	19,0% (kr. 158.010)
Seta í ráði	12,4% (kr. 103.122)



Varamenn:

Bæjarstjórn	6,3% (kr. 52.393) fyrir hvern fund
Í ráði	6,3% (kr. 52.393) fyrir hvern fund

Varaformenn fá 5,5% álag (kr. 45.740) í forföllum formanns fyrir hvern setinn fund.

Viðmiðunarfjárhæðin skal taka breytingum 1. janúar og 1. júlí ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu í nóvember og maí ár hvert en í fyrsta skipti 1. janúar 2019. Miða skal í fyrsta skipti við breytingar á grunnvísitölu maí mánaðar 2018 til nóvember mánaðar 2018.

Sæki bæjarfulltrúi nefndarfundi eða ráðstefnu utan lögsagnarumdæmis Akraness samkvæmt ákvörðun bæjarráðs skal greiða 2% kr. 16.633 af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Akraneskaupstaðar utan bæjarfélagsins kílómetragjald samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og samkvæmt útfylltri akstursdagbók hvers bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar skulu frá greiddar kr. 10.000 á mánuði fyrir notkun á eigin síma og greitt er fyrir heimtengingu vegna tölvu skv. samningum Akraneskaupstaðar á hverjum tíma um slíka þjónustu.

Kjörnir bæjarfulltrúar eiga rétt á að sækja námskeið og ráðstefnur innanlands eða erlendis um málefni sveitarfélaga og leggur bæjarsjóður til allt að kr. 35.000 á ári fyrir hvern bæjarfulltrúa eða samtals kr. 140.000 á kjörtímabilinu. Áskilið er að ráðstefnan eða námskeiðið sé skipulagt á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga eða sambærilegs aðila.

Laun bæjarfulltrúa og akstursþóknun skulu greidd mánaðarlega.

Bæjarfulltrúar skulu í störfum sínum á vegum kaupstaðarins vera slysatryggðir skv. almennri slysatryggingu.

## 2. Laun fyrir setu í nefndum og starfshópum

Laun nefnda skulu vera hlutfall af 133. launaflokki (kr. 347.953)<sup>1</sup> skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar vegna félagsmanna hjá Akraneskaupstað og Höfða hjúkrunar og dvalarheimili og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Formenn nefnda fá greitt 8,5% (kr. 29.576) fyrir hvern fund.

Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 4,5% (kr. 15.658) fyrir hvern fund.

<sup>1</sup> Fjárhæð uppfærð samkvæmt kjarasamningi samningsaðila með gildistíma 1. maí 2015 til 31. mars 2019. Í gildi er launatafla vegna tímabilsins 1. júní 2018 til 31. 2019.



## Akraneskaupstaður

Laun til nefnda og starfshópa sem vinna að sérstökum tímabundnum verkefnum (s.s. kjörstjórnir) og annarra nefnda eða starfshópa sem ekki starfa reglubundið skulu ákveðin sérstaklega hverju sinni af bæjarráði.

Fulltrúar sem bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefnd kýs samkvæmt reglugerðum eða samþykktum í stjórnir, ráð o.p.h. fá greitt 4,5% (kr. 15.658) fyrir hvern fund sé fundarþóknun ekki greidd af viðkomandi stofnun.

Starfsmenn Akraneskaupstaðar fá ekki greiðslur fyrir framangreinda fundi.

Skólastjórar grunnskóla, leikskólastjórar, skólastjóri tónlistarskóla og aðrir þeir fulltrúar sem lögum samkvæmt er skylt að hafa til staðar á fundum skóla- og frístundaráðs er málefni tengd þessum stofnunum eru til umfjöllunar skulu fá greitt 2,0% (kr. 6.959) fyrir hvern fund.

Sæki fulltrúi fastra eða sérstakra nefnda fundi eða ráðstefnur utan lögsagnarumdæmis Akraness skal greiða 2% (kr. 16.633) af viðmiðunarþárhæð auk ferðakostnaðar. Greiðsla samkvæmt þessum lið er háð því að bæjarráð hafi samþykkt að senda viðkomandi aðila og ekki komi til greiðsla annarra nefndarlauna.

Nefndarlaun skulu greidd fjórum sinnum á ári og miðast við framlagðar fundargerðir fyrir bæjarstjórn.

### 3. Önnur réttindi

Greitt er 8% mótfraumlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Greitt er mótfraumlag vegna séreignasjóðs fari kjörinn fulltrúi fram á slíkt.

Forfallist formenn nefnda í lengri tíma en two mánuði tekur varaformaður laun sem formaður meðan hann gegnir því starfi.

Framangreindar fjárhæðir í kafla 2 miðast við gildandi launatöflur og taka breytingum samkvæmt samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### 4. Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi 13. júní 2017.

### Samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 13. júní 2017

Akranesi, 13. júní 2017

